

Reglur um afslátt af fasteignaskatti fyrir árið 2017

Samkvæmt 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga er sveitarfélögum heimilt að lækka eða fella niður fasteignaskatt sem tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Er sveitarfélögum skylt að setja sér reglur um beitingu heimildarinnar.

Heimild sveitarstjórnar til þess að lækka fasteignagjöld eða fella niður nær eingöngu til fasteignaskatts og holræsagjalds. Ekki er heimilt að fella niður önnur fasteignagjöld, svo sem lóðaleigu, vatnsgjald, sorphirðugjald og sorpeyðingargjald.

1.gr.

Tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í Breiðdalshreppi er veittur afsláttur af samþykktu íbúðarhúsnæði, samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar Breiðdalshrepps ár hvert og reglum þessum, sbr. heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum.

2.gr.

Rétt til afsláttar eiga íbúðareigendur í Breiðdalshreppi sem búa í eigin íbúð og:

Eru 67 ára við upphaf álagningarárs, eða eldri.

Hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar fyrir upphaf álagningarárs.

Hafa ekki leigutekjur af viðkomandi húsnæði.

3.gr.

Ef um hjón eða sambúðarfólk er að ræða og annað er yngra en 67 ára og vinnufært er gjaldið lækkað í samræmi við viðmiðunartekjur viðkomandi einstaklings.

4. gr.

Afsláttur af fasteignaskatti er tekjutengdur og er allt að **kr. 55.000,-** á hverja eign.

Afsláttur er hlutfallslegur að teknu tilliti til allra skattskyldra tekna, þ.m.t. eignatekna og 50% fjármagnstekna síðastliðins árs, samkvæmt skattframtali. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

Við úthlutun afslátt í uphafi árs 2017 er stuðst við skattaframtal ársins 2015 en afslátturinn er endurskoðaður í ágúst 2017 þegar skattaframtal fyrir 2016 liggur fyrir.

5. gr.

Tekjumörk eru sem hér segir:

Einstaklingar:

Fullur afsláttur skv. 4. gr. með tekjur allt að

kr. 2.423.511,-

Engan afslátt með tekjur yfir

kr. 3.127.275,-

Hjón og samskattað sambýlisfólk:

Fullur afsláttur skv. 4. gr. með tekjur allt að

kr. 3.409.016,-

Engan afslátt með tekjur yfir

kr. 4.317.063,-

Ef tekjur eru á framangreindu bili er veittur hlutfallslegur afsláttur.



6. gr.

Þar sem álagning gjalda mun fara fram í gegnum Álagningarhluta Landskrár fasteigna mun Breiðdalshreppur sækja með rafrænum og öruggum hætti hjá RSK upplýsingar um tekjuskattstofn elli- og örorkulífeyrisþega vegna útreiknings á afslætti.

Jafnframt er hægt að sækja um afslátt af fasteignaskatti á þar til gerðum eyðublöðum frá Breiðdalshreppi, sem einnig má nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins. Með umsókn skal skila afriti af skattframtali, staðfestu af skattstjóra, vegna síðastliðins árs og afriti af örorkuskírteini ef umsækjandi er 75% öryrki.

Ef tekjur aðila hafa lækkað milli árána 2015 og 2016 geta aðilar fengið leiðréttingu á fasteignagjöldum með því að leggja fram staðfest afrit af skattframtali ársins 2016, (eða staðfestingu skattstjóra á tekjum ársins 2016) eftir að framtölum ársins hefur verið skilað til skattstjóra.

7. gr.

Hreppsnefnd Breiðdalshrepps endurskoðar tekjumörk og hámark afsláttar í desember ár hvert, fyrir komandi ár.

Þannig samþykkt á fundi sveitarstjórnar Breiðdalshrepps þann 5. desember 2016

*Breiðdalsvík, 5. desember 2016
Sif Hauksdóttir, verkefnisstjóri*